



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 📠 562 7131 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Netfang: nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 29. febrúar 2016

Erindi: Umsögn Skógræktarfélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um Stofnun loftslagsráðs, 131. mál á 145. löggjafarþingi.

Á stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands þann 17. febrúar sl. var fjallað um tillögu til þingsályktunar um **Stofnun loftslagsráðs**, 131. mál lagt fram á 145. löggjafarþingi.

Skógræktarfélag Íslands fagnar tillögunni og telur að með stofnun loftslagsráðs verði meiri líkur á að þjóðinni takist að leggja sinn mikilvæga skerf af mörkum til að sporna við aukinni breytingu á loftslagi jarðarinnar.

Skógræktarfélag Íslands tilheyrir frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfismála og er samnefnari skógræktarfélaga áhugasamra um allt land. Skógræktarfélagið var stofnað 1930. Innan þess eru 58 skógræktarfélög og heildarfjöldi félagsmanna er um 7.000 þúsund talsins.

Breytingartillaga:

Bæta Skógræktarfélagi Íslands við lista yfir þá sem geta tilnefnt fulltrúa í loftslagsráð.

Rökstuðningur:

Skógræktarfélag Íslands er mikilvægur fulltrúi í loftslagsráð og getur með sérþekkingu sinni á skógrækt og með fjölda áhugasamra sjálfboðaliða um allt land haft mikil áhrif á aðgerðir gegn neikvæðum breytingum á loftslagi. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á að Skógræktarfélag Íslands er annar stofnaðili Kolviðar með Landvernd. Kolviður er sjóður sem býður almenningi og fyrirtækjum að jafna kolefnislosun sína með því að rækta skóg sem bindur kolefni.

Með skógræktarkveðjum,

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri